Tvö ráðuneyti með nær helming ríkisútgjalda

Heilbrigðisráðuneytið og menntamálaráðuneytið fá upp undir helming heildarútgjalda fjárlaganna á næsta ári í sinn hlut en fyrir utan æðstu stjórn ríkisins eru minnst útgjöld hjá utanríkisráðuneytinu, sjávarútvegsráðuneytinu og forsætisráðuneytinu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fær í sinn hlut samkvæmt fjárlögum næsta árs alls um 27.7 milljarða króna, þá kemur menntamálaráðuneytið með um 13.1 milljarð króna, samgönguráðuneytið fær 8,6 milljarða í sinn hlut, viðskiptaráðuneytið 5.8 milljarða, dóms- og kirkjumálaráðuneytið 5 milljarða, landbúnaðarráðuneytið 4,7 milljarða, félagsmálaráðuneytið 3.6 milljarða, iðaðarráðuneytið 2.8 milljarða, fjárlaga- og hagsýslustofnun 2,2 milljarða, sjávarútvegsráðuneytið 1.8 milljarða, forsætisráðuneytið 1.7 milljarða, utanríkisráðuneytið 979 milljónir og æðsta stjórn ríkisins 560,7 milljónir. Útgjöld við Hagstofuna eru 69,3 milljónir en 83,4 við Ríkisendurskoðun.

Miðað við fjárlög þessa árs eru útgjaldaaukningin mest hjá landbúnaðarráðuneytinu eða 64,6%, 62,2% hjá iðnaðarráðuneyti, 61,9% hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og 57,9% við æðstu stjórn ríkisins.

Af útgjaldaliðum einstakra ráðuneyta fara t.d. hjá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu 25.5 milljarðar til tryggingamála en 7.7 milljarðar til heilbragðismála, hjá menntamálaráðuneytinu fara 14.2 milljarðar til fræðslumála en 1,4 milljarðar til safna, lista og annarra menningarmála. Hjá landbúnaðarráðuneytinu fara 5,4 milljarðar til búnaðarmála, hjá sjávarútvegsráðuneytinu 2 milljarðar til útvegsmála, hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fara 5,5 milljarðar til dóms- og löggæzlumála, hjá félagsmálaráðuneyti 3,6 milljarðar til húsnæðismála, hjá samgönguráðuneyti 6,5 milljarðar til vegamála, hjá iðnaðarráðuneyti 2,7 milljarðar til orkumála og hjá viðskiptaráðuneyti um 6,1 milljarður til niðurgreiðslna, svo að eitthvað sé nefnt.

Kviknaði í vélarrúmi Gissurar hvíta

Skömmu eftir hádegi í gær kviknaði í vélarrúmi Gissurar hvíta SF frá Höfn í Hornafirði, þar sem verið var að vinna í vélarrúmi bátsins í höfninni á Höfn. Eldur komst í olíublauta einangrun og logaði mikið um tíma. Slökkvilið Hafnarkauptúns kom fljótt á vettvang og tókst von bráðar að slökkva eldinn.

Skemmdir á bátnum eru ekki taldar miklar.

Enn saknað

EKKERT hefur frekar spurzt til íslenzka mannsins sem saknað er í Frankfurt. Leit er hafin að manninum, og íslenzka sendiráðið í Bonn fylgist með málinu, en ekki höfðu fréttir borizt í gær til utanríkisráðuneytisins um að neitt nýtt hefði komið fram, er gæti skýrt hvarf mannsins.



EINAR Hákonarson opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag. Hann sýnir 88 málverk, flest gerð á tveimur síðustu árum.

Einar stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1960—64 og við Valandslistaháskólann í Gautaborg 1964—67. Hann hefur haldið fjórar einkasýningar áður, þá síðustu í sýningarsal byggingarþjónustu A.Í. 1975. Auk þess hefur Einar tekið þátt í mörgum samsýningum, bæði hér heima og erlendis. Hann starfar nú sem kennari við Myndlista- og handíðaskólann.

Björn Th. Björnsson listfræðingur ritar formála að sýningarskrá, en þar segir m.a.:

„Hljómur hins mennska heims" að Kjarvalsstöðum

„Í nýjustu og stærstu myndinni á sýningunni safnar hann saman hópi fólks að bronsmynd skálds, í umgerð kunnuglegs landslags, og kallar hana „Hlustið á skáldið". Í myndinni ríkir hátíðleg kyrrð, eftirvæntingafull þögn, líkt og beðið sé eftir boðskap. Er þetta einhvers konar þessa Íslands, þar sem skáldskapinn hefur ævinlega borið hærra en önnur mannanna verk og jafnvel hið liðna skáld hefur enn lifandi orð að segja? Hvort sem svo er, þá sýnist mér mynd þessi geta staðið sem einkunn súningarinnar og þess skilnings, sem meistari Kjarval kallaði svo ágæta vel hljóm hins mennska heims og bergmál mannfélags byggingar."

„Þetta finnst mér vera bezta myndin á sýningunni," sagði Einar sjálfur um „Hlustið á skáldið" þegar blm. Morgunblaðsins gekk með honum um salinn. „Ég er ánægður með stemninguna í henni."

Þegar ljósmyndarinn bað Einar að stilla sér upp við eina myndina, valdi hann þó aðra, sú var af manni og konu, sitjandi við borð. Á borðinu fyrir framan konuna liggur bolti. „Svona er rauðsokkuhreyfingin," segir Einar og brosir við. „Konan á næsta leik, en hún hreyfir sig ekki."

Sýning Einars opnar í dag og henni lýkur 25. október.

Almenningsvagnakönnun á þriðjudag og miðvikudag

Endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur hefur staðið yfir um skeið og þess vænzt að verkinu ljúki á þessum vetri. Einn vegamesti þátturinn í þessari endurskoðun er að reyna að fá einhverja mynd af því hvernig umferð á höfuðborgarsvæðinu muni þróast á næstu 20 árum því af því ræðst hvernig staðið verður að umbótum á gatnakerfi borgarinnar á næstu árum. Ein aðferðin til að fá fram þessa framtíðarsýn af umferðinni er gerð svokallaðs umferðarlíkans sem styðst við tilteknar staðreyndir og spár. Varðandi umferð einkabíla er fyrir hendi könnun frá 1962, sem enn er vel nothæf í þessu skyni, en nú hyggjast borgaryfirvöld ráðast í sérstaka könnun á umferð fólks með almenningsvögnum til að auka gildi umferðarspárinnar, jafnframt því sem hugsanlegt er að hafa beinlínis áhrif á umferðarþróunina með umbótum á almenningsvagnakerfinu, að því er forráðamenn skipulagsmála borgarinnar segja.

Almenningsvagnakönnunin fer fram á þriðjudag og miðvikudag nk. og nær til farþega með Strætisvögnum Reykjavíkur, Strætisvögnum Kópavogs og Landleiða. Áætlað er að um 50 þúsund manns ferðist með vögnum allra þessara fyrirtækja á dag — um 40—42 þúsund með SVR, 4—5 þúsund með SVK og 3 þúsund manns með Landleiðum. Fyrri daginn verða starfsmenn könnunarinnar í öllum vögnum sem aka á leiðum SVR 1—9 og fá þá allir farþegar afhentan spurningalista þegar þeir koma inn í vagninn, sem þeir fylla síðan út og afhenda aftur þegar þeir fara úr vagninum. Börn yngri en 10 ára þurfa ekki að fylla út seðlana heldur aðeins afhenda þá við útgöngudyr. Síðari dagínn nær könnunin til leiða 10—12 hjá SVR, og til SVK og Landleiða. Starfsmenn könnunarinnar munu skrá hvar hvern einn einasti seðill er afhentur við inngöngu og útgöngu, þannig að með þeim hætti einum má með aðstoð tölvu fá ýmsar hnýsilegar upplýsingar, að sögn starfsmanna þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar, sem hafa yfirumsjón með þessari könnun.

Á spurningablaðinu er beðið um upplýsingar hvaðan farþeginn kemur (gata og húsnúmer), hvert hafi verið erindið þar, hvert ferðinni sé heitið (gata og húsnúmer) og hvert sé erindið þangað, um aldur farþegans og hvort hann kemur úr öðrum strætisvagni. Með þessum spurningum er m.a. verið að leita eftir upplýsingum hversu langt fólk þurfi að sækja vinnu frá heimili sínu, hversu margir noti strætisvagnana til að komast til vinnu, á hvaða aldurskeiði það fólk sé sem mest notar strætisvagna og hversu mikið sé um það að fólk

Framhald á bls. 18

MEÐFYLGJANDI sýnisnorn af útfylltum spurnarseðli sýnir, hvernig farþegi, sem býr í Hraunbæ 299 en vinnur í Austurstræti 16, hefur fyllt út seðil sinn. Hann tekur leið 10 niður á Hlemm, en tekur þar t.d. leið 2 niður á Lækjartorg. Meðfylgjandi sýnishorn er þá fyllt út í seinni vagninum.

ALMENNINGSVAGNAKONNUN 19.—20. október 1976

Eftirfarandi upplýsingar óskast um þá ferð, sem þú ferð nú.

1 HVAÐAN kemur þú? Hraunbæ 299 (gata, húsnúmer) (eða nafn stofnunar eða fyrirtækis)

2 Hvert VAR ERINDI þitt þar?
1 [X] ég by þar
2 [ ] ég vinn þar eða fer þangað vegna vinnu
3 [ ] ég stunda nám þar
4 [ ] ég verzlaði þar
5 [ ] annað

3 HVERT er ferðinni heitið? Austurstræti 16 (gata, húsnúmer) (eða nafn stofnunar eða fyrirtækis)

4 Hvert ER ERINDI þitt þar?
1 [ ] ég by þar
2 [X] ég vinn þar eða fer þangað vegna vinnu
3 [ ] ég stunda nám þar
4 [ ] ég ætla að verzla
5 [ ] annað

5 ALDUR binn?
1 [ ] 10—12 ára
2 [ ] 12—20 ára
3 [ ] 21—30 ára
4 [X] 31—40 ára
5 [ ] 41—50 ára
6 [ ] 51—60 ára
7 [ ] 61—70 ára
8 [ ] eldri en 70 ára

6 Kemur þú úr öðrum strætisvagni? [X] já, leið nr. eða heiti: 10 [ ] nei

Vinsamlegast afhendið spjaldið við útgöngudyr — Beztu þakkir fyrir samstarfið.

ÞRÓUNARSTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR

Nr 60006



Kaupið ekki bara banana